




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Brákarborg Starfsáætlun 2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat.....	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Dvergheima um starfið síðasta skólaár	5
2.1.1 Innra mat Dvergheima.....	6
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Álfheima um starfið síðasta skólaár	8
2.2.1 Innra mat Álfheima.....	9
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Jötunheima um starfið síðasta skólaár.....	10
2.3.1 Innra mat Jötunheima	12
3 Ytra mat.....	14
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	16
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	17
6 Foreldrasamvinna.....	18
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
8 Fylgigögn.....	22
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	22
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	22
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	22



Leiðarljós leikskólans:

Leiðarljós Brákarborgar er að gefa öllum börnum tækifæri til náms út frá þeirra þörfum. Gildin okkar **AGI – VIRÐING – UMHYGGJA** fléttast inn í allt nám skólans og styður við þá vinnu. Við viljum efla og styðja hvern einstakling til sjálfstæðis og nýtum meðal annars **LAUSNAHRINGINN** okkar til þess. Með honum viljum við gefa börnunum tól til að vinna úr málum, ágreiningsefnum og geta hjálpað öðrum, bæði börnum og fullorðnum.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Með tilkomu nýju menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ sem var útgefin haustið 2018 fór hópurinn í dýpri greiningu á því hvernig við vinnum með hvern og einn þátt menntastefnunnar ásamt því að forgangsraða mikilvægi þátta sem mesta þörf væri taka fyrir. Í framhaldi af samstarfsverkefni við Langholtsskóla og nágrannaleikskólana um skólaskil, innleiðingu á jákvæðum aga og lausnahringnum var ákveðið að leggja áherslu á SJÁLFSEFLINGU og FÉLAGSFÆRNI skólaárið 2019-2020. Það tók svo stakkaskiptum í maí 2019 þegar við fórum í vinnu með gátlista Embættis landlæknis. Niðurstaða þeirra leiddi í ljós að við þyrftum að leggja aukna vinnu í heilsueflandi þætti skólastarfsins.

Þróunarverkefni í samstarfi við RannUng og nokkra leikskóla hjá Reykjavíkurborg hefur hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og hófst innleiðing þess í Brákarborg á síðasta skólaári. Markmið verkefnisins er að efla fagmennsku deildarstjóra og annars starfsfólks leikskóla í þeim tilgangi að ná markmiðum sem sett hafa verið fram í nýrri menntastefnu Reykjavíkur. Þar kemur fram áhersla á læsi, sjálfsefningu, skapandi hugsun, félagsfærni og heilbrigði barna. Ávinningur leikskólans felur í sér að efla fagmennsku í starfi deildarstjóra og annars starfsfólk.

Þrátt fyrir að vera ágætlega sett með fagfólk í húsi þá finnum við tilfinnanlega fyrir því að okkur vantar fleiri leikskólakennara og annað fagmenntað fólk í skólann og ekki hægt að gera sömu kröfur á ófaglærða og reynslulitla einstaklinga. Höfum við átt í erfiðleikum með að fá inn fólk til að sinna atferlisþjálfun, sem gerir það að verkum að við þynnum enn frekar þann kjarna sem vinnur almenn leikskólakennarastörf innan leikskólans.

Aðstaða starfsmanna er það sem vegur þó þyngst í þeim málum sem þarf að bæta og hefur það haft mikil áhrif á okkur. Kennarar fá ekki það næði sem þeir þurfa í sínum undirbúningi en einnig erum við einungis með eitt starfsmannasalerni og þar er útífatnaður allra starfsmanna geymdur. Þetta gerir það að verkum að biðtími eftir því að komast í útífatnað eða á salerni er orðinn áhrifavaldur í líðan starfsmanna. Við sjáum þó fram á að þetta komi til með að lagast í framtíðinni en leikskólastjóri fór í



viðamikla vinnu við greiningu og teikningar á viðbyggingu við skólann ásamt arkitektum Reykjavíkurborgar og Gláma-kím arkitektastofu. Þar er gert ráð fyrir því að starfsmannaaðstaða, aðstaða fyrir sérkennslu, skrifstofa leikskólastjóra, forstofur allra deilda og að deild fyrir yngstu börnin verði byggð norðan megin við núverandi húsnæði og að Brákarsundi. Þessari viðbót fagna allir starfsmenn og gerir hún okkur kleift að líta framtíð allra þeirra sem að Brákarborg koma eftir að verkinu lýkur bjartari augum.



2 Innra mat

Við notum fjölbreyttar aðferðir við að meta nám og stöðu barna og vinnum, í samstarfi við foreldra, einstaklingsnámskrá fyrir öll börn. Jafnframt eru skipulagsdagar, deildarfundir, starfsmannafundir og fundir með foreldrum nýttir til að meta starfið okkar og endurmeta allt það sem fellur undir starfsemi leikskólans. Innra mat er einnig byggt á ýmsum ferlum sem snúa að öðrum þáttum svo sem Heilbrigðiseftirliti, Vinnueftirliti, Eldvarnareftirliti ásamt þeim fjölmörgu áætlunum sem okkur ber að vinna s.s. læsisáætlun og jafnréttisáætlun.

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Dvergheima um starfið síðasta skólaár

Skólaárið 2018 – 2019 í Dvergheimum gekk almennt vel. Breytingar voru á starfsmannahópunum í byrjun skólaárs, en síðan þá hefur hann haldist óbreyttur. Deildarstjóri deildarinnar er leikskólakennari í 100% starfi og hefur stýrt deildinni í nokkur ár. Auk hans er danskennari í u.þ.b. 70% starfshlutfalli. Hann er af erlendum að uppruna en talar mjög góða íslensku og er með 2 ára starfsreynslu. Þriðji fasti starfsmaður deildarinnar er Eflingarstarfsmaður með marga ára reynslu, en byrjaði í Brákarborg s.l. haust. Hann er í 95% starfshlutfalli. Auk fastra starfsmanna á deildinni eru tveir kennarar sem sinna sérkennslu, starfshlutfall þeirra er samtals um 150%. Í mars bættist þriðji kennarinn í hópinn sem sinnir sérkennslu á deildinni, en erfiðlega gekk að manna í þá stöðu. Samstarf kennara gekk almennt vel, verkefni voru leyst, vinnuskipulag var skýrt og gekk að mestu leyti snurðulaust fyrir sig. Miða við fjölda barna á deildinni var stundum tæpt að hafa eingöngu tvo fasta kennara á deildinni fyrri part dags, en mikill hjálp var í sérkennurum deildarinnar.

Það eru 13 börn í Dvergheimum, sex drengir og sjö stúlkur. Þau eru fædd 2015, 2016 og 2017. Þar sem þrjú árangar eru á deildinni getur það verið flókið og stundum erfitt að skipuleggja starf barnanna svo það henti fyrir alla aldurshópa. Kennarar á deildinni þurfa því vera vakandi fyrir því að þroski barnanna á deildinni er misjafn og ekki er hægt að setja sömu kröfur á yngstu börnin sem eru að hefja skólagönguna sína og þau elstu. Jafnframt þarf verkefnaval að vera fjölbreytt og henta öllum.

Á deildinni eru fimm börn sem eiga foreldra af erlendum uppruna. Systur sem eiga tælenska foreldra. Stúlka sem á pólska foreldra. Drengur sem á danska móður og stúlka sem á móður frá Brasilíu. Af 13 börnum eru þrjú börn með stuðning hluta úr degi eða allan daginn.



Erfiðlega gekk að ráða inn í stuðning og var eitt barnið meira og minna án stuðnings þar til í mars s.l..


Á starfsdegi haustið 2019 útbjuggu kennarar verkefnalista fyrir veturinn þar sem skipulögð voru t.d. myndlistarverkefni fyrir börnin. Nokkuð vel gekk að vinna eftir þeim lista, ekki tókst þó að gera öll verkefni. Hann var aðhald fyrir kennaranna, en spurning er hvort kennararnir hafi ætlað sér að gera of mörg verkefni með börnunum. Markmið fyrir næsta vetur er að nýta deildarfundi betur í endurmat, t.d. verkefnalista næsta vetur og markmið sem sett eru í innra mati deildarinnar í starfsáætlun næsta árs.

Viðhorfskönnun var send til foreldra í byrjun júlí og liggja niðurstöður ekki fyrir.


Foreldrasamtöl gengu vel og samkvæmt niðurstöðu þeirra eru foreldra almennt ánægðir með skólann.

2.1.1 Innra mat Dvergheima

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Áætlun yfir skólaár	Að gera ýtarlegt skipurit	Setja upp verkefni fyrir hvern mánuð	Á starfsdegi í ágúst verður gert plan og það endur- metið í hverjum mánuði og lýkur í maí 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat á síðasta skólaári, samræður við starfsfólk og endurmeta hvern mánuð fyrir sig á deildar- fundum og stjórnenda- fundum	Fara yfir skipulag skólaársins, skoða hvað vantar og hverju er ofaukið – viðmiðið er að allir geti nýtt sér áætlunina og að hún falli vel að skipulagi vetrarins



Samverust undir	Fjölbreyttar samverustundir. Nýta fjölbreytt námstækifæri í þeim. Eins og t.d. söng, lestur, rím (bullrím), þulur, vísur og TMT.	Skipulag sýnilegt og skýrt uppsett þannig að hver sem er geti gengið í verkið	Á starfsdegi í ágúst og verður endurmetið í hverjum mánuði og lýkur í maí 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundum, þar sem allir leggja inn í umræðuna hvernig samverurnar ganga	Metið út frá því hvort börnin dragi lærdóm af samverustund og hvort færa þurfi börn á milli hópa, breyta hópum eða breyta efnisvali í hverri samverustund fyrir sig
Hópastarf	Nýta fjölbreytt námstækifæri, t.d. einingakubbar, list, útinám, hreyfingu, málörvun og s.frv. Auka skráningar, t.d. í einingarkubbum	Skipulag sýnilegt og skýrt Skýrari markmið og verkplön fyrir hópastarf vikunnar	Ágúst og lýkur í maí 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Metið á deildarfundum í hverjum mánuði Farið yfir skráningar úr kubbastarfi allra hópa	Metið út frá því hvort börnin öðlist lærdóm í kubbastundum, hafi nægan tíma til að þróast og bæta við sig. Samsetning hópa skoðuð sérstaklega. Skráningar úr kubbastarfi nýttar ástamt mætingu barna
Fataherbergi	Þjálfar markvisst sjálfshjálpi	Halda áfram með myndrænt dagskipulag. Myndbands-skráningar	Ágúst 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Rýna í hverjum mánuði hvernig gengur	Hafa börnin næg tækifæri til að klæða sig sjálf og ganga frá þegar þau koma inn úr útiveru? Er fjöldi barna í fataherbergi þannig að allir fái sín notið?
Upplýsinga streymi	Bæta upplýsingar til foreldra EN HVERNIG??	Myndrænt skipulag	Ágúst 2018	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Rýna í hverjum mánuði í það hvernig gengur	Fá foreldrar nægilegar upplýsingar um það sem við gerum í leikskólanum eða erum við að gefa of mikið af upplýsingum



2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Álfheima um starfið síðasta skólaár

Nemendafjöldi skólaárið 2017-2018 í Álfheimum í ágúst 2018 voru 14 börn. 12 börn fædd 2014 og 2 fædd 2015. Í janúar 2019 byrjaði barn fætt 2014 og í maí 2019 byrjaði barn fætt 2015. Kynjahlutfallið á deildinni var í ágúst 8 drengir og 6 stúlkur. Í janúar 2019 var það 8 drengir og 7 stúlkur. Í maí 2019 var það 8 drengir og 8 stúlkur. Starfsmenn voru í upphafi skólaárs (ágúst 2017) tveir, annar í fullu starfi og hinn í 95% starfi. Afleysing kom inn á deild fyrir starfsmanninn sem fór einu sinni í viku kl. 14. Í maí 2019 þegar 16. barnið byrjaði, byrjaði einnig sumarstarfsmaður á deildinni sem var í 80% starfi. Fyrir utan fasta starfsfólkið er þroskþjálfari í 80% starfi sem sinnir sérkennslu fyrir barn á deildinni sem er með einhverfu.

Á deildinni eru 4 börn sem eiga foreldra af erlendum uppruna. Drengur sem á pólska foreldra, stúlka sem á litháíska foreldra, stúlku sem á svissneska móður og íslenskan föður og drengur sem á danska móður og íslenskan föður.



Börnunum var um haustið skipt í tvo hópa. Börnin í þessum hópum borðuðu saman í hádegismat og síðdegishressingu. Einnig voru samverustundirnar þegar þeim var skipt í tvo hópa, þessir hópar og í hópastarfi. Það sem hóparnir voru að gera skiptist á milli, kubbavinnu, hreyfingar, myndlistar, útináms og að fara í frístundarheimilið Glaðheima sem

er 4-5 mín göngufæri frá leikskólanum. Þegar farið var út fyrir leikskólann var oftast farið í ferðir í nágrenni leikskólans. Í lok skólaársins fóru börnin í ferðir til að fræðast um heimilisföng sín og hinna barnanna og gerðu verkefni tengt því.

Helstu áherslur í skólapróun voru að efla sjálfshjálp og sjálfsvitund einstaklingsins. Börnin lærðu að þekkja heimilisföng sín, nöfn og afmælisdaga. Þau sinntu ýmsum verkefnum s.s. veðurfræðingur, lausnahringsstjóri og aðstoðarmaður kennarans. Öll þessi hlutverk eru ætluð til þess að efla einstaklinginn.

Viðhorfskönnun var send til foreldra í byrjun júlí og liggja niðurstöður ekki fyrir.

2.2.1 Innra mat Álfheima

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Þjálfá hljóðkerfis vitund	Að börnin séu komin með aukna hljóðkerfis- vitund eftir veturinn.	Þjálfá hljóð- kerfisvitund í daglegu starfi eins og í samveru- stundum, matar- tímum.	03. júlí hefst verkið og á að haldast áfram.	Deildarstjóri ber ábyrgð og sér um að starfsfólk fái þekkingu í að geta þjálfað hljóðkerfisvitund- ina í leik og starfi.	Endurmetið einu sinni í mánuði á deildarfundum og farið yfir hvernig gangi.	Viðmiðið er að þegar þessi börn fara í hljóm 2 á elstu deild, sjáist merkjanlegur árangur.
Tákn með tali	Starfsfólk og börn noti tákn með tali í daglegu starfi.	Tákn vikunnar. Deildarstjóri fer á námskeið í tákn með tali og miðlar til annarra starfsmanna á deildinni.	Ágúst 2019 og á að halda áfram.	Deildarstjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildar. Skráning á táknnum sem er búið að leggja inn.	Endurmetið í Janúar 2020 og þá athugað hvernig innlögn hafi gengið á táknunum og hvort breytinga þurfi.	Að starfsfólk og börn noti tákn með tali í daglegu starfi.
Skipulag fyrir verkefni hvers mánaðar	Heilsárs plan með möguleikum á aukaverk- efnum.	Setja upp grind að verkefnum fyrir hvern mánuð Haft sýnilegt upp á vegg fyrir starfsfólk.	Haust 2019 – Vor 2020.	Deildarstjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildar.	Fara yfir skóladagatal og verkefni á deildarfundum og stjórnenda- fundum.	Skoða að vori hvort þurfi að bæta inn eða taka út verkefni út frá hverjum mánuði fyrir sig.
Vettvang- ferðir – útinám	Að gera áætlun um ferðir – skipuleggja	Setja upp skipulag fyrir skólaárið	Gera skipulagið 20. Ágúst 2019 og	Deildarstjóri ber ábyrgð á og setur upp skipulag.	Á deildarfundum farið yfir skipulag og	Fara yfir það hvort ferðir hafi staðist, hvort þurfi að



	hverja og eina.		endurmeta vor 2020.	ásamt starfsfólki deildar.	skráningar yfirfarnar.	bæta við eða að taka út. Hverju skila ferðirnar námslega hjá börnum?
Lausnahringur	Að auka við notkun Lausnahringins meðal barna og starfsmanna.	Á morgunfundum er talað um Lausnahringinn og Lausnahringsstjórinn fer í Lausnahringsbolinn. Unnið með Lausnahringinn í öllu starfi. Skráning á Lausnahringsstjóranum.	Ágúst 2019 og heldur áfram.	Deildarstjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamst starfsfólki deildar.	Mánaðarlega á deildarfundum farið yfir skráningu og verkefni Lausnahringsins í hópa-starfinu.	Að starfsfólk og börn noti Lausnahringinn í daglegu starfi.
Söngur	Hafa sönginn skipulegri og markvissari í daglegu starfi.	Lög fyrir hvern mánuð ákveðin og sérstök áhersla lögð á þau þann mánuðinn.	Septembar 2019 – maí 2020.	Deildarstjóri ber ábyrgð og starfsfólk deildarinnar framkvæmir.	Endurmat í Janúar 2020 og lok maí 2020. Farið yfir með starfsfólki deildarinnar hvort breytinga þurfi t.d. hvort þurfi að fjölga eða fækka lagafjölda.	Að sungið sé markvisst einu sinni á dag.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Jötunheima um starfið síðasta skólaár


Nemendafjöldi skólaárið 2018-2019 í Jötunheimum voru 18 börn öll fædd 2013. Starfsmenn voru í ágúst 2018 deildarstjóri í 100% starfi og leiðbeinandi (Eflingarstarfsmaður) í 90% starfi með 33 ára reynslu af starfi í leikskóla. Stuðningur við deildina vegna nemenda af erlendum uppruna (3 klst) var sinnt af karlkyns leiðbeinanda (Eflingarstarfsmaður í 100% starfshlutfalli en hann sinnti einnig afleysingu á deildinni og hafði unnið á deildinni árið áður.

Samsetning nemenda var ágæt, auk nemanda af erlendum uppruna var einnig töluvert um „auka“ mál s.s. athuganir, matslistar útfylltir og skráningar varðandi þroska, hegðunar- og félagserfiðleikar hjá nokkrum nemendum. Nafnlaus könnun var lögð fyrir alla foreldra



deildarinnar, varðandi stjórnun og starfsemi í Jötunheimum, verið er að svara könnunni svo niðurstöður liggja ekki fyrir.

Starfsmenn deildarinnar eru sammála um að vinna með Lausnahring sem lagt var af stað með á vorönn 2018 og endurbættur á þessu skólaári, skipti miklu máli, við leik og nám. Við erum sammála um að nýta hann enn frekar sem „verkfæri“ við þann jákvæða aga sem verið er að innleiða í skólann. Á Degi leikskólans buðu nemendur borgarstjóra að koma og skoða leikskólann auk þess sem þau vildu ræða við hann um Lausnahringinn og gefa honum eintak.



Borgarstjóri brást vel við og ákveðið var í kjölfarið að Brákarborg yrði sá skóli sem myndi hýsa móttöku vegna hvatningaverðlauna og fleiri viðurkenninga á vegum Sambands íslenskra sveitafélaga, Kennarasambandsins, Mennta og menningarmálaráðuneytisins, Háskóla Íslands og Heimilis og skóla. Til viðbótar Degi B. Eggertssyni mættu Ragnar Þór Pétursson formaður Kennarasambands Íslands, Haraldur F. Gíslason formaður Félags leikskólakennara og Lilja D. Alfreðsdóttir mennta-og menningarmálaráðherra. Nemendur deildarinnar gáfu þeim eintak af Lausnahringnum í formi veggspjalds og taupoka sem Lausnahringurinn var prentaður á.

Á næsta skólaári 2019-2020 er stefnan tekin á að setja skýrara vinnuþátt fram, starfsfólk tekur að sér ábyrgð og fylgir eftir þeim verkum sem þau bera ábyrgð á. Samstarfsleikskólar Langholtsskóla og Glaðheimar frístund var bætt til muna á skólaárinu og hefur það styrkt allt samtal milli þessara stofnana. Ástæðan er m.a. sú að skólastjóri og deildarstjóri fóru með þeim á sameiginlega Erasmus+ ráðstefnu um skólaskil til Króatíu í október eftir að Langholtsskóli bauð okkur að taka þátt í verkefni um að bæta skil milli leik-, grunnskóla og frístundar. Í apríl var deildarstjóri leikskólans boðið með á sambærilega Erasmus+ ráðstefnu um skólaskil til Grikklands. Við höfum gert umbótaáætlun sem fylgir hér með.



2.3.1 Innra mat Jötunheima

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulag fyrir verkefni	Gera heilsárs skipulag fyrir skólaárið 2019- 2020	Setja fram verkefni fyrir hvern mánuð og hafa dagatal skólans og Langholtsskóla til hliðsjónar	Haust 2019 – vor 2020	Deildarstjóri og starfsmenn deildar. Hver og einn tekur að sér ábyrgð á verkefni og fylgir því eftir út skólaárið	Fara yfir skóladagatal og verkefni á deildar- fundum og stjórnenda- fundum	Skoða í lok fyrri annar hvernig gengur – merkja í dagbók til að gleymist ekki. Síðan aftur að vori hvort þurfi að bæta inn eða taka út verkefni út frá hverjum mánuði fyrir sig
Útinám	Skipulagt og sýnilegra útinám	Hafa skipulag um útinám með í skipulögðum verkefnum	Haust 2019 – vor 2020	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Gera skráningar í bók og mynda skráningar til að gera sýnilegra fyrir foreldra og fara yfir á deildar- fundum og safna nýjum hugmyndum á sameigin- legum samfélags- miðlum	Fara yfir skráningar og skipulag og sjá hvort að það hafi gengið eftir sem lagt var upp með
Hljóm-2	Að auka og styrkja hljóðkerfis vitund.	Vera meðvituð um að nýta daglegt starf eins og í	Haust 2019, endurmat í lok 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur með starfsfólki deildarinnar,	Endurmetið á deildar- fundum einu	Viðmiðið er að þegar nemendur taka Hljóm-2 próf séu þau vel



Þjálfra hljóðkerfis vitund		samveru- stundum, matartímum, í rím, orðhluta eyðing ofl.	halda áfram og breyta í upphafi 2020 Síðan endurmat að vori 2020	gætir að því að þau séu örugg í starfi með það.	sinni í mánuði.	undirbúin og hafi öðlast þekkingu. Einnig að við sem skóli sjáum framfarir og merkjanlegur munur verði á árangri nemenda okkar í hljóðkerfisvitund.
Kubbanám	Að starfsfólk eflist í kubbanámi.	Hafa lesefni um einingakubba sýnilegt og gefa starfsfólki tíma til að lesa og ná sér í hugmyndir.	Upphaf skólaárs 2019- 2020	Stjórnendateymi leikskólans Starfsmaður sem hefur áhuga og gleði að vinna með kubbana styrkir sig.	Miðlar hugmyndum. Prentar út myndir og gerir sýnilegt	Að allir njóti kubbastundanna, það skilar mestum árangri og menntun
Frjálsi leikurinn	Að starfsfólk eflist og setji sig inn í leik nemendanna, verði ó/virkur þátttakandi í leiknum. Gefa rými fyrir leikinn	Minna hvort annað á leikinn, hlusta eftir því sem börnin leika. Vera á þeirra plani	Frá upphafi skólaárs 2019- 2020	Stjórnendateymi skólans, kennarar séu fyrirmyndir, minni sig og aðra á	Skráir hjá sér ef eitthvað athugavert kemur fram í leik. Gera skráningar bæði skriflegar og/eða myndrænar	Leikurinn er okkar helsta námsefni í leikskólanum, virða hann og muna eftir að gefa tíma fyrir leikinn.




3 Ytra mat

Skoðanakönnun var send út á foreldra Brákarborgar

Annað hvert ár er könnun send út til foreldra í ár og eru niðurstöður hennar eins og sjá má á meðfylgjandi mynd almennt ágæt. Við getum sannarlega bætt okkur í öllum þáttum starfsins. Þættir sem þarf að bæta sérstaklega eru að foreldrar geri sér betur grein fyrir því hversu mikilvægir þeir eru í að meta framfarir barna sinna. Að við gefum þeim ráð og fáum á móti meira af upplýsingum og ráðum frá foreldrum. Einnig þarf að bæta aðbúnað barnanna í húsi eins og fram hefur komið áður og er það komið í ferli að bæta við skólann til að bæta aðstöðu allra.



Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vinnuaðstaða barna og kennara	Að byggja við til að gefa öllum það rými sem nauðsynlegt er til að fá vinnufrið. Skipuleggja þarf starfið út frá nýtingu þar til það er komið í framkvæmd.	Með því að sambætta og skipuleggja betur heildrænt þau rými sem við höfum yfir að ráða. Kennarar verði duglegri að nýta sér deildir og sérkennslu í undirbúning.	Byrja í október að setja upp flæðandi skipulag allra rýma. Þarf að greina alla daga út frá því hvað er í gangi hverju sinni.	Deildarstjórar bera ábyrgð og framkvæma í samstarfi við leikskólastjóra og aðstoðarleik- skólastjóra.	Skoða vel hvernig skipulag hverrar deildar er með tilliti til sérþarfa, útiveru, sérkennslu og kennara	Að rýmin í húsinu nýtist betur og að það séu ekki árekstrar eða margir hópar um hvert rými. Að börnin nái að vinna í smærri hópum.
Bæta líðan, velferð og öryggi barna Einnig samtal við foreldra um nám barnanna	Að gefa foreldrum oftari ráð og fá til baka frá þeim	Aðgreina þessa samræðu betur í foreldra- samtölum	Október 2019 Maí 2020	Deildarstjórar í samvinnu við leikskólastjóra og aðstoðar- leikskólastjóra	Spurninga- listi sendur til foreldra til að fá þeirra álit	Að foreldrar finni það að þau fái meiri aðkomu að námi barnanna og fái einnig fleiri verkfæri með sér úr foreldra- samtölum



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin fara fram í janúar og febrúar ár hvert. Samtölin eru um 1 klst. og lögð áhersla á notalegt samtal yfirmanns og starfsmanns. Farið er yfir veikar og sterkar hliðar starfsmanns í starfi og væntingar hans til starfsþróunar. Starfsmenn eru hvattir til að leita eftir námskeiðum eða ráðstefnum sem þeim finnast áhugaverð og sækja þau. Skólastjóri er einnig duglegur að finna námskeið eða ráðstefnur sem tengjast starfinu okkar ásamt því að deildarstjórar benda sínu fólki sérstaklega á þau námskeið sem gætu nýst starfsfólki sérstaklega vel.

Símenntunaráætlun Brákarborgar 2020-2021 er að mestu leyti tengd Menntastefnu Reykjavíkurborgar en einnig nær hún til sértækari þátta er snúa að barnahópnum. Áætlunin nær einnig til styrkingar og innleiðingar á jákvæðum aga og vinnu með lausnahringinn.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Haustönn 2019

Dagsetning	Staður	Verkefni
<i>Mánudagur</i> 16.sept	Leikskólinn Langholt Kl. 14:00	Sólveig í Langholti kynnir fyrir okkur hvernig þau vinna með Lubba og hljóðin. Fundur um samstarfið í vetur, farið yfir dagsetningar
<i>Miðvikudagur</i> 2.október	Langholtsskóli – ris Kl. 14:00	Rýnt í niðurstöður Hljóm-2 og LTH árg. 2013
<i>Föstudagur</i> 15.nóv	Langholtsskóli-salur Kl. 09:50-10:50	Dagur íslenskrar tungu , hátíð í sal skólans Hver leikskóli og 1.bekkur verða með eitt atriði Hulda með dagskrá um Jónas Hallgrímsson
<i>Priðjudagur</i> 19.nóvember	Langholtsskóli-salur Kl. 08:00-08:30	„Hvers má vænta að ári, hvað get ég gert til að aðstoða barnið mitt“? Kynning fyrir foreldra – ATH: með túlka? Foreldrar skrifa niður hugmyndir og kennarar Langholtsskóla verða með kynningu. Spurning hvort bekkjarfulltrúar 1. bekkjar mæti líka og segi frá sinni upplifun? Pappír límdir á borðin, blýanta til staðar til að skrifa niður fyrir þá sem eru óframfærir til að tjá sig, þá er hægt að skrifa niður væntingar og spurningar jafnvel netföng og óska eftir svári...
<i>Priðjudagur</i> 17.des	Þvottalaugar Grasagarður Kl. 10:00-11:00	Fá leyfi: Brákarborg Taka niður skraut: hver skóli hreinsar eftir sig. Hittumst með jólahúfur, skreytum tré, dönsum og syngjum jólalög saman Lög: <ul style="list-style-type: none"> • Skín í rauðar skotthúfur • Bráðum koma blessuð jólin Allir koma með sitt kakó, piparkökur og tilheyrandi. Endum samveruna á að setjast í hring, með útikerti og sötra kakó og spjalla
<i>Fimmtudagur</i> 19.des	Langholtsskóli-salur	Leikskólum boðið að koma horfa á jólaleikrit 6. bekkjar. Deildarstjóri/kennarar halda utan um þetta

Þriðjudaga og fimmtudaga kl.10.00-11.45

bíður Gísli leikskólanemendum (árg.2014)

í sérstaka listnámskennslu

Muna að láta hann vita hvenær þið viljið koma



Vorönn 2020

Dagsetning	Staður	Verkefni
<i>Miðvikudagur</i> 1. janúar	Glaðheimar Frístund Kl. 15:00	Heimsókn og stutt skoðunarferð um Glaðheima
<i>Priðjudagur</i> 28. janúar	1. bekkur fer í leikskólana með boðskort í skólaheimsóknir	1. bekkur afhendir leikskólahópnum boðskort í skólaheimsókn. 1. bekk boðið að leika stutta stund á leikskólanum eða gera einhver verkefni. 1. bekkur fer í þá leikskóla sem þau voru á.
<i>Miðvikudagur</i> 12. febrúar	Skólalóð Langholtsskóli Kl. 10:30-11:00	Leikskólarnir hittast og hitta 1. bekk og leika saman á skólalóðinni
Vikan 9.-13. mars	Leikskólar heimsækja Langholtsskóla. Frímínútur kl. 09:30 Kennslustund Kl. 09:50-11:00	Leikskólabörnum er skipt niður á kennara og taka börnin þátt í þeirri vinnu sem stendur yfir (í risi, íþróttir eða smiðja). Tímasetningar ákveðnar í sameiningu
Á EFTIR AÐ ÁKVEÐA DAGSETNINGU	Langholtsskóli Kl. 14:00 – 16:00	Vorskóli Nemendur sem koma í Langholtsskóla.
Á EFTIR AÐ ÁKVEÐA DAGSETNINGU	Langholtsskóli	Skólastjórar taka á mótum nemendum og sýna þeim skólann
<i>Priðjudagur</i> 28. apríl	Leikskólinn Sunnuás	Endurmat á samstarfi vetrarins, lögð drög að næsta skólaári 2020 – 2021

6 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hefur verið mjög góð í leikskólanum og vel gengið að fá inn fólk í stjórn foreldrafélags og foreldraráðs. Kosið er í stjórn og ráð á aðalfundi foreldra að hausti og leggjum við áherslu á að fá raddir sem flestra hópa innan skólans, s.s. foreldra sem eru af




erlendu bergi brotin og foreldra af öllum deildum. Því miður hefur illa tekist að fá inn feður en þeir hafa þó lagt sitt fram í ýmsum viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir í samstarfi við leikskólann. Foreldraráðið hefur t.d. fengið upplýsingar um stöðu mála varðandi vinnslu teikninga á viðbyggingu skólans. Einnig hefur foreldraráð staðið fyrir skrifum og þrýstingi vegna sérstakra mála s.s. aðgengi að skólanum, gangbraut við Skipasund ofl.

Markmiðið með þeim fundi er einnig að virkja foreldra til frekari þátttöku í skólstarfinu. Unnið er í umræðuhópum ýmist á deildum eða þvert á hópinn og farið yfir þætti í starfinu sem þykir mikilvægt að skoða nánar hverju sinni s.s. námskrá leikskólans, starfsáætlun og/eða leikskólstarfið almennt. Í lok maí er haldinn kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna til þess að kynna námskrá Brákarborgar og gefa upplýsingar um þátttökuaðlögun sem við notum sem starfstæki í upphafi skólagöngu barna hjá okkur. Þá fá foreldrar upplýsingar um á hvaða deild barnið þeirra verður, hver verður deildarstjóri og hvaða starfsmenn verða á deildinni, eftir þvís sem er unnt.

Samstarf við foreldra í Brákarborg er mjög gott og má jafnvel leiða að því líkum að það sé vegna þess hve skólinn er lítill og samskipti foreldra, kennara og skólastjóra mikil. Vegna þessa er samstarf við foreldra og tenging milli heimilis og skóla mjög góð. Foreldrahópurinn okkar samanstendur af einstaklingum sem eru boðnir og búnir að aðstoða okkur og taka þátt í öllu því sem við höfum óskað eftir. Starfsfólkið gerir allt sem í þeirra valdi stendur til að gera þennan þátt leikskólstarfsins ánægjulegan fyrir alla hlutaðeigandi aðila.

Formleg foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Í október eru samtölin notuð til samvinnu við foreldra til að gera einstaklingsnámskrár fyrir börnin. Annað samtal er svo í byrjun mars þar sem farið er yfir veturinn og þau skref sem þarf að taka í framhaldinu í samráði við foreldra. Við hvetjum foreldra til samræðna við okkur og erum ávallt reiðubúin til að setjast niður og fara yfir málin með þeim.

Eins og áður hefur komið fram þá hefur verið notast við þátttökuaðlögun frá haustinu 2011, með endurmati hefur hún tekið örlitlum breytingum en það er skoðun starfsmanna og foreldra að halda henni áfram. Þátttökuaðlögun er hópaðlögun og er markmiðið með henni að foreldrar séu virkir þátttakendur frá fyrsta degi og öðlist þannig öryggi með alla þætti skólstarfsins. Þá taka þeir þátt í því sem á sér stað í skólanum, sjá starfsfólkið við vinnu og



kynnist því betur. Annar kostur er sá að foreldrar tengjast hver öðrum, sem getur leitt af sér öruggari samskipti foreldra og starfsmanna ásamt því að foreldrar kynnast frekar innbyrðis.

Fastir liðir í skipulagi skólans í samstarfi við foreldra

- Foreldrafundur í september
- Foreldrasamtöl 2x á ári
- Þrettándakaffi
- Gestadagur
- Tiltektardagur
- Sumarhátíð



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar vetrarins skipast sem hér segir:

- 19. ágúst 2019 – sameiginlegur með grunn-, og leikskólum hverfisins
- 4. október 2019 – sameiginlegur með grunn-, og leikskólum hverfisins
- 13. janúar 2019
- 16. mars 2019 – sameiginlegur með grunn-, og leikskólum hverfisins
- Tveir skipulagsdagar í lok apríl (20.-22.) eða lok maí (22.-24.), áætlað er að nýta þá í námsferð til að styrkja starfsmannahópinn í jákvæðri sálfræði og núvitund

http://brakarborg.is/images/skoladagatal_allir_2019-2020.pdf

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla: Brákarborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Félagsdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Vorkyldagurinn	1 M Annar í hálbarinn	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M Vetrarkyfl grunnskóla	2 F Gestadagur	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ Foreldraumit þessa viku	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F Sameiginlegur leikskóladagur / í heild	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Félags verslunarmessa	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 S Félagsumrútdagur	5 Þ	5 F	5 M	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrjátíu á milli fyrir íslenska	6 F Dagur stærðfræðinnar	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M Foreldraumit þessa viku	7 F Félagsdagur	7 L	7 Þ	7 F Dagur stærðfræðinnar	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómennadagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Birtudagur gagn einvitt	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M Foreldraumit þessa viku	9 F Skóladagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 F Félagsdagurinn langi	10 S	10 M	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F Jólahelginn	12 S	12 M	12 F	12 S Þakkadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M Skóladagur	13 F Myndlistadagur	13 F	13 M Annar í þakum	13 M	13 L	13 M
14 M samráð leikskólaþjónna	14 L	14 M Foreldraumit þessa viku	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 M	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur telenakrar náttúru	16 M samráð leikskólaþjónna	16 L Dagur telenakrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M Sameiginlegur leikskóladagur / í heild	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lykilskóladagurinn	17 F
18 S	18 M samráð leikskólaþjónna	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
Sameiginlegur leikskóladagur / í heild	19 F	19 L	19 M	19 F Bálfragsfræði- og leikskóladagur	19 S	19 M	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M Dagur mannvæðinda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 M Banamenningarháttur	21 F Uppfyllingardagur	21 S
22 F Skólaheiting grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F Músík og leikskóladagur	22 F Músík og leikskóladagur	22 M Samráð þessa viku
23 F	23 M	23 M Bæjar- og náttúradagur	23 L	23 M Þrjátíu áraöldungsdagur	23 F	23 S Konudagur	23 M	23 F	23 M Banamenningarháttur	23 L	23 Þ
24 L	24 Þ	24 F Vetrarkyfl grunnskóla	24 S	24 Þ Jóladagurinn fyrsti og leikskóladagur	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 F Músík og leikskóladagur	24 S	24 M
25 S	25 M	25 F Vetrarkyfl grunnskóla	25 M	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L	25 M Banamenningarháttur	25 M	25 L
26 M	26 F Birtudagur tungumál	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í þakum	26 S	26 M	26 F	26 S	26 S Banamenningarháttur	26 Þ	26 F
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M Vetrarkyfl grunnskóla	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ	31 F		31 Þ		31 S Foreldraumrútdagur		31 F



8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Sólrún Óskarsdóttir

Sólrún Óskarsdóttir, leikskólastjóri – 30. september 2019



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	2	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	5	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Áætlun verður gerð næsta skólaár og verður til búin til notkunar á vorönn
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	Áætlun verður gerð næsta skólaár og verður til búin til notkunar á vorönn
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já - 4	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Greininga- og ráðgjafastöð ríkisins
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Niðurstöður innra mats

Mikilvægt er að vinna áætlanir um snemmtæka íhlutun og áætlun um málörvun í leikskólanum. Ekki í síst í ljósi þess að fjölmening eykst á milli ára í samfélaginu sem og í leikskólanum. Þó er það svo að



ekki er allt fengið með því að gera áætlanir og nauðsynlegt er í því tilliti að fá inn meira af fagmenntuðu starfsfólki. Finnum við tilfinnanlega fyrir því almennt í leikskólastarfinu hversu mikilvægt er að bæta það.

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun	Gera formlega áætlun um málörvun.	Skrásetja það sem er gert og setja í tímaramma.	Byrjað haustið 2019 og tilbúið vorið 2020.	Skólastjórar og deildarstjórar.	Gögnum safnað á hverri deild fyrir sig.	Skjal til að vinna með á öllum deildum.
	Tryggja aðgerðir deilda samræmist miðað við aldur.	Gera aldursmiðuð verkefni.	Byrjað haustið 2019 og tilbúið vorið 2020.	Skólastjórar og deildarstjórar.	Barnahópurinn skoðaður og gögnum safnað með athugun á getu.	Viðmiðunar mæling gerð í maí 2020.
	Setja niður áætlun um snemmtæka íhlutun.	Þau skref sem nú þegar hafa verið tekin niður.	Byrjað haustið 2019 og tilbúið vorið 2020	Skólastjórar og deildarstjórar	Núverandi skimunarlistum og leiðum safnað saman í eitt skjal, rætt við foreldra barna	Könnun send til foreldra sem áður voru í upplýsingagjöf vegna íhlutunar
Snemmtæka íhlutun	Rammi fyrir deildir til að vinna eftir	Aðgerðir hvers mánaðar sett inn í vinnuplan	Byrjað haustið 2019 og tilbúið vorið 2020	Skólastjórar og deildarstjórar	Farið yfir á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum	Vinnurammi verði til búinn fyrir allar deildir í maí 2020



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Börnin sem þurfa á íhlutun að halda vegna tvítyngis

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Nei	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Með því að kenna ný lög og texta, lesa bækur og leggja orð á alla hluti í umhverfinu
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Með því að eiga samtál við hvert barn, vinna með minni hópa og leiða þau í gegnum samskipti við önnur börn í leik og starfi
Er fylgst með framförum barnanna?	Já / Nei	Það hefur verið gert með því að nota t.d. TRAS en það á ekki við öll börn
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	TRAS EFI-2 HLJÓM-2

Niðurstöður innra mats

Það er alveg ljóst að gefa þarf í sérstaka vinnu með íslensku almennt í skólanum, einkum og sér í lagi með þau börn sem eru tvítyngd. Eins og staðan hefur verið þá hefur staða sérkennslustjóra við leikskólann alfarið nýst í vinnu vegna stuðnings og stórteymisfunda þeirra barna sem hafa fengið tímum úthlutað. En einnig að vinna með deildarstjórum að því að keyra tilvísanir og skoðanir í gegn fyrir börn sem á því þurfa að halda til að geta staðið undir því að sinna snemmtækri íhlutun fyrir öll börn.



Umbótaþættir Annað móður m. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vinna með íslensku sem annað mál	Gefðu 10 – allir starfsmenn taki það af fullum krafti.	Með því að allir skrái á þar til gert blað.	Byrjað að hausti og endurskoð- að á skipulagsdegi í janúar 2020	Deildarstjórar	Skoðað hvernig skráningar hafa gengið	Að allir hafi lagt sitt í verkefnið
Skimun með framförum barnanna	TRAS og Orðaskil verði nýtt betur	Með því að skima í okt- nóv og svo aftur í apr- maí	Byrjað að hausti og lokið maí 2020	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Farið yfir upplýsingar um börnin og athugað hvernig til hefur tekist	Að öll börn sem þurfa íhlutun fái skimun sem greinir framfarir



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020
Brákarborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hafdís Ósk Pétursdóttir
Kristín Klara Gretarsdóttir
Cecilie Cedet Gaihede



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur mótttekið og lesið starfsáætlun leikskólans Brákarborgar skólaárið 2019-2020 og samþykkir hana heils hugar. Áætlunin ber leikskólanum glögg merki þar sem ávallt er stefnt að því að bæta það góða starf sem unnið er í leikskólanum. Foreldraráð fagnar því að unnið sé að því að bæta aðstöðu barna og starfsmanna og vonar að sú uppbygging verði



sett í forgang enda löngu tímabær. Ágætar breytingar voru gerðar á lóð leikskólans á síðasta skólaári sem bættu útileiksvæði barnanna og gerði það mun snyrtilegra.

F.h. foreldraráðs

Hafdís Ósk Pétursdóttir

Kristín Klara Gretarsdóttir



